

Gos í Eyjafjallajökli - staða 17. maí 2010 kl. 17:00.

Minnisblað frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans

Unnið af: Sigþrúði Ármannsdóttur, Sigrúnu Hreinsdóttur, Elínu Björk Jónasdóttur, Birni Oddssyni, Magnúsi Tuma Guðmundssyni og Bergþóru S. Þorbjarnardóttur.

Byggt á: Jarðskjálftamælum, vatnsrennsli í Markarfljóti, GPS mælum, veðurradar, vefmyndavélum, tilkynningum á vefnum um öskufall, eldingamæligögnum bresku veðurstofunnar og NOAA gervihnattamynd.

Gosmökkur:

Hæð (m.y.s.): Er um 6 - 7 km skv. Veðurratsjá, fer inn á milli upp í 9 km. Hæðin fer lækkandi vegna aukins vindhraða á svæðinu.

Stefna: Austur (skv. veðurkortum og gervitunglamynd NOAA).

Litur: Dökkgrár.

Gjósufall: Tilkynningar um öskufall hafa komið frá Hæli í Gnúpverjahreppi, á veginum að Sultartangavirkjun og Laugarási í Biskupstungum þar sem askan var örfín og grá.

Eldingar: Stöðugar eldingar (hátt í 10 á klst.) hafa mælst á eldingamælum bresku veðurstofunnar.

Drunur: Ein tilkynning úr Vallarhverfinu í Hafnarfirði.

Bræðsluvatn: Rennsli við Gígjökul er lítið, líkt og undanfarna daga.

Aðstæður á gosstað: Ekkert hefur sést til gosstöðva í dag. Gosmökkur liggur í 6-7 km hæð og rís beint upp af gosstöðvum. Í könnunarleiðangri 16. maí var töluvert gjósufall sunnan við Goðastein og færðist það vestar þegar leið á daginn. Eldingar voru tíðar og fylgdu þeim þrumur.

Órói: Óróinn er nokkuð stöðugur og hefur verið svipaður síðustu dagana.

Jarðskjálftar: Sex smáskjálftar hafa mælst frá miðnætti. Flestir voru á meira en 10 kílómetra dýpi.

GPS-aflögun: Færslur inn að miðju Eyjafjallajökuls og sig.

Heildarmat: Mikið sprengigos er í gangi og vísbendingar eru um að heldur hafi dregið úr virkninni frá hámarkinu 13. maí. Töluvert gjósufall er í nærsveitum og

má búast við áframhaldandi gjóskufalli m.v. virknina í dag. Enn má búast við töliverðum sveiflum í styrk gossins með breytilegu gjóskufalli.